

Einar Hreinsson
Urðarvegur 28
400 Ísafjörður

6. júní 2019
UST201905-259/P.V.B.
09.05.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Sæborg í Aðalvík - frístundahús

Umhverfisstofnun hefur móttakið umsókn Einars Hreinssonar, dagsett 22. maí 2019, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Lýsing verkefnis:

Til stendur að reisa frístundahús á lóð nr. 3 við Sæborg. Húsið mun verða staðsett innan byggðarkjarna með öðrum frístundahúsum sem eru á svæðinu. Húsið er u.þ.b. 5,7 metra hátt, 13 metra langt og 6 m breitt auk þess sem á annarri langhliðinni er 3,5 x 4,4 metra forstofa á 1 hæð hússins sbr. teikningu sem fylgdi umsókninni. Heildarflatarmál hússins er 133 m². Í húsinu verður gistirými fyrir 8-10 manns. Grafa þarf fyrir skolplögn að rotþró en annars verður notaður jarðvegsbor til að koma fyrir undirstöðum undir húsið. Húsið mun hvíla á frostfrírri þjappaðri grús. Gróðurþekju verður flett af skurðinum fyrir skolplögnina og lögð yfir aftur að framkvæmdum loknum. Um 10 manns koma að smíðinni. Sexhjól verður notað til að ferja byggingarefni frá fjöru og á byggingarstað. Farið verður eftir slóðum sem liggja nú þegar um svæðið auk þess sem nýr slóði mun myndast vegna umferðar hjólsins að nýja húsinu. Gert er ráð fyrir nýja slóðanum og frístundahúsinu í deiliskipulagi svæðisins. Framkvæmdartími er sumar 2019.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina ekki líklega til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Um er að ræða framkvæmd á skipulögðum byggingareit, hjá tveimur öðrum sumarahúsum. Gera má ráð fyrir að einhver truflun verði fyrir aðra gesti á svæðinu vegna hávaða. Umhverfisstofnun metur að hægt sé að takmarka ónæði og rask vegna framkvæmdarinnar sé skilyrðum leyfis fylgt.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Einari Hreinssyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir byggingu frístundarhús við Sæborg innan friðlandsins á Hornströndum sbr. lýsingu hér að ofan sumarið 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Einungis skal aka sexhjóli að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis frá þeim slóðum sem nú þegar liggja um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Þar sem gróðurþekju er flett af til að grafa fyrir rotþró og setrulögn skal ganga frá henni á sinn stað eins fljótt og hægt er.
- Allur úrgangur vegna framkvæmdarinnar skal fjarlægður af svæðunu um leið og framkvæmdum og frágangi svæðisins er lokið. Á meðan framkvæmdir fara fram skal gengið frá byggingarefni og úrgangi frá framkvæmdinni með þeim hætti að ekki skapist hætta af honum ef veður verða válynd.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Efnisval og útlit bygginga skulu vera í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu.
- Haga skal vinnutíma með þeim hætti að kyrrð ríki yfir svæðinu á hvíldartíma gesta sem þar dvelja.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur sexhjóls að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Hildur Vésteinsdóttir
Hildur Vésteinsdóttir
teymisstjóri

Kristín Ósk Jónasdóttir
Kristín Ósk Jónasdóttir
sérfræðingur